



Reykjavík, 19. júní 2024

SFS24050132

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Menntastefna Reykjavíkur – skipulag vinnu við gerð innleiðingaráætlunar 2025–27

Eftirfarandi er skipulag við mótun næstu innleiðingaráætlunar menntastefnu Reykjavíkur og gerð aðgerðaráætlunar til næstu þriggja ára sem byggir á samstarfi skóla- og frístundasamfélagsins í Reykjavík, háskólasamfélagsins og annarra sérfræðinga. Stefnt er að því að innleiðingaráætlun með almennum aðgerðum verði fullgerð 1. nóvember 2024.

Stjórnun og skipulag

Samráðshópur skipaður fulltrúum helstu haghafa, kjörinna fulltrúa, stjórnenda SFS og ráðgjafa m.a. frá HÍ mun leggja mat á framgang innleiðingar menntastefnu borgarinnar og áforma næstu skref. Hópnun er ætlað að tryggja að áherslur innleiðingar og aðgerðaráætlun taki mið af þeirri gerjun sem átt hefur sér stað í menntamálum sem og því breytta stafræna umhverfi sem börn búa nú við.

Vinnuna leiðir eigendahópur sem leiddur er af formanni skóla- og frístundaráðs. Í hópnun sitja skrifstofustjóri SFS, skrifstofustjórar leik, grunn og frí og deildarstjóri nýsköpunarmiðju menntamála. Með eigendahópi starfar verkefnastjóri.

Fundir samráðshóps

Þrjú fundir eru áætlaðir með samráðshópi. Á fyrsta fundi hópsins fjalla ráðgjafar um stöðu innleiðingar menntastefnu Reykjavíkur, breytingar og rannsóknir í menntaumhverfinu. Sjónun verður einkum beint að inngildingu, fjölmenningu og farsæld, læsi í víðum skilningi og starfrænni umbreytingu. Liður í erindunum er m.a. að spegla menntastefnu Reykjavíkur við útkomu PISA og annarra rannsókna og að setja fram umbótaáætlun sem styrkir stöðu reykvískra barna í þeim þáttum menntunar sem þörf er á að bæta.

Á öðrum fundi hópsins verður fjallað um niðurstöður könnunar á vettvangi og rætt um hverjar ættu að vera helstu áherslur varðandi breytingar. Eins verða fyrir áherslur og hugmyndir ungmenna.

Á þriðja fundi hópsins verður rædd formleg tillaga um innleiðingaráætlun sem síðan er lögð fyrir skóla- og frístundaráð til samþykktar og kynningar í borgarráði.



Reykjavík



Vinna með vettvangi

Vettvangurinn er virkjaður með því að koma á samtali við starfsfólk á starfsstöðum SFS, miðstöðum í borgarhlutunum fjórum og miðlæga skrifstofu. Vettvangurinn hefur fengið fjórar spurningar sem óskað hefur verið eftir svörum við í september. Niðurstöðurnar verða til umræðu á öðrum fundi samráðshópsins.

Spurningarnar fjórar eru eftirfarandi:

- Hvaða 2 – 3 atriði virka vel í okkar starfi og þarf ekki að breyta?
- Hvaða 2 – 3 atriðum þurfum við að breyta í okkar skóla/starfsstað?
- Hvaða 2 – 3 atriði þurfa að breytast í aðstæðum barna í samfélaginu?
- Eru einhver mikilvæg atriði sem þið viljið koma á framfæri vegna innleiðingu menntastefnu Reykjavíkur?

Með ofangreindu skipulagi er markmiðið að fá heildarmynd yfir stöðu mála og varpa ljósi á þá þætti sem mikilvægt er að einblína á til næstu þriggja ára. Stefnt er að því að ná fram fáum en hnitmiðuðum aðgerðum sem ávarpa þá þætti sem brýnast er að takast á við með markvissum hætti.

